

Akureyrbær
b/t Margrét M. Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 29. ágúst 2019
UST201908-130/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga– Deiliskipulag – Skólasvæðið Glerárskóla við Höfðahlíð á Akureyri

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrbæjar er barst 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir skólasvæðið Glerárskóla við Höfðahlíð á Akureyri.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir m.a. ráð fyrir að afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýjan leikskóla með tengingu við suðurhlið núverandi íþróttahúss. Þá er gert ráð fyrir breytingum á núverandi bílastæðum auk nýrra bílastæða á suðvesturhluta svæðisins, með aðgengi frá Drangshlíð.

Útivist

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að bílastæði raski umhverfinu sem allra minnst þar sem svæðið er í dag tiltölulega óraskað og nýtt m.a. til útivistar.

Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á 6. gr laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað er um almenna aðgæsluskyldu, en þar segir: „*Öllum er skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.*“

Aðgengi

Umhverfisstofnun bendir á að í gr. 5.3.2.5 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 segir m.a. að við gerð deiliskipulags skal lögð áhersla á öruggar, greiðar og aðlaðandi leiðir fyrir gangandi og hjólandi. Með tilkomu bílastæðis við Drangshlíð mun umferð aukast um götuna. Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um aðgangi gangandi og hjólandi sem þvera Drangshlíð.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur